

Sþ.

14. Tillaga til þingsályktunar

um hækkun framfærslustyrks.

Flm.: Brynjólfur Bjarnason, Einar Olgeirsson og Ísleifur Högnason.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að hlutast til um það við bæjar- og sveitarstjórnir, að framfærslustyrkur verði alstaðar hækkaður í hlutfalli við hækkun að verðlag á nauðsynjavörum.

Greinargerð.

Þegar ákveðið var, að kaupgjald skyldi hækka í ákveðnum hlutföllum við vaxandi vöruverð samkvæmt lögum um gengisskráningu o. fl., eins og gengið var frá þeim á síðasta Alþingi, þjuggust margir við því, að eigi aðeins elli- og örorkubætur myndu hækka að sama skapi, heldur myndu og bæjar- og sveitarfélögin sjá sig knúð til að hækka framfærslustyrkinn a. m. k. í sömu hlutföllum og almennt kaupgjald. Þetta hefir þó ekki orðið. Hvorki elli- og örorkubætur eða framfærslustyrkurinn yfirleitt hafa hækkað. Nú er það staðreynd, sem er gersamlega tilgangslaust að mæla á móti, að bæði í Reykjavík og víðar er framfærslustyrkurinn svo lítill, að þess er enginn kostur að framfleyta lífinu af honum einum saman með núverandi verðlagi. Það er því alveg óhjákvæmilegt, að ríkisstjórnin skerist í leikinn, nema með öllu sé horfið frá því að líta á það sem skyldu þjóðfélagsins að sjá þegnum sínum, sem ekki geta bjargast af eigin rammleik, farþorða og tekinn upp sá háttur, að láta skeika að sköpuðu, hvort þeir lifa eða deyja.

Einhver kynni að gera þá athugasemd, að ekki sé samræmi í því, að framfærslustyrkurinn hækki hlutfallslega meira en kaupgjaldið. Í fyrsta lagi er því til að svara, að við þingmenn Sósíalístaflokksins flytjum á þessu þingi breytingartillögu við lög um gengisskráningu og fleira, þess efnis, að allt kaupgjald hækki að fullu í hlutfalli við verðlag, nema öðruvísi sé um samið milli stéttarféлага verkamanna og atvinnurekenda, og elli- og örorkubætur og aðrar tryggingabætur hækki eftir sömu reglum. Í öðru lagi er auðvelt að sýna fram á, að framfærslustyrkurinn var svo skorinn við nögl áður en styrjöldin hófst, að fáum mun hafa tekizt að lifa og halda heilsu af honum einum saman, nema einhver ráð væru höfð til að bera meira úr býtum en til er ætlazt eftir þeim almennu reglum, sem bæjarfélögin — eins og t. d. Reykjavíkurbær — hafa sett um úthlutun hans. En nú, eftir að verðlag hefir hækkað svo gífurlega, sem raun er á orðin, er öllum ljóst, að framfærslustyrkurinn er langt fyrir neðan það lágmark, sem nauðsynlegt er til að framfleyta lífinu á hinn frumstæðasta hátt.

Í Reykjavík er styrkurinn að jafnaði 80 aurar á dag fyrir hvern einstakling, sem er á fullum styrk. Það eru 120 kr. á mánuði fyrir 5 manna fjölskyldu. Fyrir þetta verður heimilið að kaupa fæði, hita, ljós, meðul, hreinlætisvörur, viðgerð á skóm og fötum og óhjákvæmilega nokkuð af fötum. Ekki þarf annað en líta á skýrslur hagstofunnar um framfærslukostnað í Reykjavík til að sjá, hve fjarstætt það er, að nokkurt heimili geti leyst þá þraut að bjargast af fyrir þetta fé. Margar tilraunir hafa verið gerðar til að reikna út, hvað svona heimili gæti komizt af með, ef allri kunnáttu væri beitt til að gæta hins ýtrasta sparnaðar. Og útkoman verður alltaf sú, að það er gersamlega ókleift að komast af með minna en nokkuð yfir 200 kr. á mánuði með núverandi verðlagi, þó ekki sé reiknað nema með einföldustu nauðsynjum til matar, ljósi og hita. Ef haldið er fast við 80 aura styrkinn, þá er það sama og að láta þúsundir manna beinlínis svelta. Slikt háttalag er blátt áfram síðlaus grimmd, sem ekki er aðeins á ábyrgð viðkomandi bæjarstjórna, heldur og ríkisstjórnar og Alþingis, ef ekki verður tekið í taumana.